

Kynbótaeinkunnir reyndra nauta í notkun haustið 2021

Nafn og nr.	Mjólk	Fitu%	Prótein%	Afurðir	Prót.úth.	Frjósemi	Frumutala	Gæðaröð	Skrokkur	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skap	Ending	Heild	Hæð dætra
Kláus 14031* T	119	104	106	122	104	106	104	106	99	99	102	99	119	116	112	5,4
Rísi 15014 T	115	107	98	120	105	93	112	109	101	97	106	106	118	109	111	5,3
Köngull 15019*	95	119	114	102	111	100	113	86	95	126	102	108	109	116	108	5,5
Steinar 15042* T	106	103	105	107	102	102	104	108	104	114	103	120	106	107	108	5,2
Mikki 15043* N	106	114	112	109	98	113	95	99	107	128	100	117	113	112	111	5,2
Tanni 15065 T	114	106	98	113	102	110	134	82	100	136	106	104	100	107	114	5,2
Knöttur 16006 N	102	115	120	114	86	102	114	118	109	122	102	116	121	100	113	5,8
Álmur 16007*	115	99	106	118	107	96	88	111	104	99	91	121	129	97	108	5,1
Bikar 16008* N	118	96	94	115	107	103	99	106	106	134	113	121	133	100	116	5,2
Jarfi 16016 N	111	99	105	114	98	107	119	121	98	136	130	110	120	103	117	5,2
Skírnir 16018* N	108	107	116	117	100	109	94	109	102	112	105	112	117	100	111	5,7
Róður 16019* N	112	114	129	120	86	97	98	82	107	108	112	101	113	100	111	5,7
Dalur 16025*	107	95	97	102	92	102	110	110	104	106	102	120	122	100	107	5,0
Kári 16026*	101	108	105	100	93	99	119	105	99	136	106	114	120	100	110	5,0
Höttur 16028	111	108	116	116	106	105	104	114	100	123	116	106	86	100	110	4,5
Jónki 16036* N	124	103	96	133	112	99	86	97	104	96	108	111	88	100	111	5,2
Númi 16038*	102	98	106	97	101	100	115	98	101	122	123	108	115	100	108	5,1
Herkir 16069	112	105	102	112	107	96	109	105	102	117	108	98	118	100	109	5,2

Skýrinar: N = nautsfaðir, T = tilkynna nautkálfa,
*getur gefið hyrnd afkvæmi

Nautaárgangurinn 2016 er að verða einn sá allra öflugasti

Guðmundur Jóhannesson
ráðunatur
í nautgriparékt
mundi@rml.is



Nýtt kynbótamat var keyrt núna í september að loknu ágústuppgjöri. Að þessu sinni var um ræða keyrslu á mati fyrir afurðir, frumutölu og frjósemi sem byggir núna á öðrum eiginleikum en áður var. Núna eru notuð gögn úr sæðingum í stað bíls milli burða. Þannig er frjósemiseinkunn núna samsett einkunn úr bili frá fyrstu sæðingu til burðar, bili frá fyrstu sæðingu til síðustu sæðingar og fanghlutfalli við 1. sæðingu hjá kvígum. Þessi breyting byggir á meistara-verkefni Þórdísar Þórarinsdóttur við Landbúnaðarháskóla Íslands og hafði hún veg og vanda af vinnu við innleiðingu þessa mats.

Fagræð í nautgriparékt gerði litlar breytingar á reyndum nautum í dreifingu að þessu sinni enda var um verulegar breytingar að ræða í sumar. Reyndum nautum í dreifingu fækkar nú um eitt og verða 18. Bjarki 15011 og Sjúss 15048 fara úr dreifingu en notkun á þeim var orðin lítil og til dreifingar kemur nýtt naut úr 2016 árgangi, Herkir 16069. Þessi árgangur ætla að verða einn sá allra öflugasti sem komið hefur fram á sjónarsviðið en meðal 20 hæstu nauta í heildareinkunn nú eru fjögur fædd 2016, þar af eru tvö alhæstu nautin. Efstir standa Jarfi 16016 sem er með 117, Bikar 16008 með 116, Knöttur 16006 er með 113 og Skírnir 16018 er með 111.

Þau naut sem voru í dreifingu standa mjög vel við fyrra mat og bæta heldur í. Við skulum byrja á því að líta aðeins nánar á þau naut sem áfram verða í dreifingu.

Kláus 14031, f. Hjarði 06029, mf. Laski 00010. Kláus gefur sérlega mjólkurlagnar kúr með góð efnahlutföll í mjólk. Þær eru einnig ákaflega skapgóðar en aðrir þættir liggja nærri meðaltali. Kláus var nautsfaðir og undanfarið hafa verið keyptir kálfar undan honum. Hann styrkti stöðu sína sem slíkur, hækkadi um eitt stig nú eftir að hafa hækkad um tvö stig í sumar og er með 112 í heildareinkunn.

Rísi 15014, f. Laufás 08003, mf. Hjarði 06029. Rísi var nautsfaðir og nú er verið að kaupa kálfa undan honum á stöð. Hann er með jákvætt mat fyrir flesta þætti en hvað öflugastur hvað afurðagetu snertir, einkum mjólkurmagn og fituhlutfall. Þá er júgurgerð dætranna góð, spenar fremur stuttir, mjaltir góðar og skapið framúrskarandi. Dætur Rísa eru stórar kúr, nokkuð sem gott er að hafa í huga við notkun hans. Rísi tekur ákveðið stökk, hækkar um þrjú stig og er með heildareinkunn upp á 111.

Köngull 05019, f. Toppur 07046, mf. Bambi 08049. Köngull er öflugt



Jónki 16036.

efnahlutfallanaut, júgurgerð dætra með afbrigðum góð og spenar vel gerðir en stuttir. Köngull hækkar um eitt stig og er með 108 í heildareinkunn.

Steinar 15042, f. Bambi 08049, mf. Gæi 09047. Steinar var í hópi nautsfæðra og því er þess að vænta að undan honum verði keyptir kálfar á stöð á næstu misserum. Dætur hans flagga stórgóðri júgurgerð, mjög góðum mjóltum og skapi. Aðrir eiginleikar liggja nær meðaltalinu en allir jákvæðu megin línunnar. Benda má á að Steinar gefur hæfilega þykka spena, það er ekki of granna. Steinar lækkar um tvö stig og er með 108 í heildareinkunn.

Mikki 15043, f. Sandur 07014, mf. Bambi 08049. Mikki er efnahlutfallanaut auk þess sem dætur hans státa af úrvalsgóðri júgurgerð og góðum mjóltum og skapi. Hafa þarf í huga að hann gefur granna spena. Mikki verður áfram nautsfaðir og með 111 í heildareinkunn eftir að hækka um eitt stig.

Tanni 15065, f. Sandur 07014, mf. Koli 06003. Tanni gefur mjólkurlagnar og ákaflega júgurhraustar kúr með úrvalsgóða júgurgerð en spenar eru langir og grannir. Tanni hækkar enn, um tvö stig í sumar og þrjú stig núna og er því kominn í hóp þeirra allra öflugustu. Hann er með 114 í heildareinkunn og þar sem hann var um tíma nautsfaðir bíðum við sona hans á stöð í vetur.

Knöttur 16006, f. Bolti 09021, mf. Bambi 08049. Knöttur kom inn sem sem nautsfaðir síðast liðinn vetur og stendur við fyrra mat. Knöttur er efnahlutfallanaut auk þess sem dætur hans eru júgurhraustar með úrvalsgóða júgurgerð, góðar mjaltir og gott skap. Knöttur verður áfram notaður sem nautsfaðir og er með 113 í heildareinkunn sem skipar honum í röð þeirra allra sterkustu.

Álmur 16007, f. Klettur 08030, mf. Glæðir 02001. Álmur kom til notkunar í sumar en dætur hans eru miklar mjólkurkúr með góð verðefni í mjólk auk þess sem mjaltir og skap er með því besta sem gerist. Hins vegar er júgurgerð ekki nema meðalgóð þar sem verulega skortir á að júgurband sé nógu greinilegt auk þess sem spenar eru nokkuð gleitir settir. Það þarf því að vanda til þor-



Herkir 16069.

unar með Álmi en hann hefur kosti sem vert er að sækja í. Hann lækkar um eitt stig en stendur eftir sem áður með góða einkunn eða 108.

Bikar 16008, f. Bambi 08049, mf. Vindill 05028. Bikar hækkaði um tvö stig í sumar og nú bætir hann enn í, er kominn í 116 í heildareinkunn. Hann er því næstefstur allra nauta og skákar þar föður sínum, Bamba 08049. Dætur Bikars er miklar mjólkurkúr með úrtökugóða júgurgerð og sérlega góðar mjaltir og skap. Það kemur því ekki á óvart að Bikar skipar sér áfram í hóp nautsfæðra.

Jarfi 16016, f. Bambi 08049, Stíll 04041. Styrkleikar Jarfa liggja í mikilli júgurhreysti, frábærri júgurgerð, góðum mjóltum og geysigóðu skapi auk þess sem dætur hans skora hátt í gæðaröð. Rétt er að hafa bak við eyrað að spenar eru grannir en gríðarvel settir. Heildareinkunn hans hækkar um ein þrjú stig og stendur nú í 117. Það þýðir að Jarfi er efstur allra nauta í heildareinkunn í dag.

Skírnir 16018, Gustur 09003, mf. Sírfús 02032. Skírnir stökk fram á sjónarsviðið í sumar sem nautsfaðir sem hann verður áfram. Þarna er á ferðinni naut sem gefur góðar mjólkurkúr með há efnahlutföll í mjólk, góða júgur- og spenagerð auk mjög góðra mjalta og skaps. Hann heldur sinni stöðu og er með heildareinkunn upp á 111.

Róður 16019, f. Keipur 07054, mf. Lykill 02003. Röður sýndi styrk sinn og megin strax í sumar þegar hann kom til notkunar sem nautsfaðir. Dætur hans eru góðar mjólkurkúr með há efnahlutföll í mjólk, sérstaklega prótein sem er gríðarhátt. Dæturnar skarta prýðisgóðri júgurgerð, fremur stuttum spenum og góðu skapi en meðalmjóltum. Hann stendur við sitt góða mat og er með heildareinkunn upp á 111.

Dalur 16025, f. Bambi 08049, mf. Aðall 02039. Dalur lækkar aðeins í mati, um tvö stig, og stendur nú í 107. Eigi að síður er þarna á ferðinni gott naut sem gefur kúr í góðu meðallagi hvað afurðagetu snertir, júgurgerðin er góð en sérstaklega er júgurbandið greinilegt. Spenar eru vel settir og fremur þykkir, nokkuð sem má notfæra sér gagnvart kúm með granna spena. Þá eru mjaltir og skap úrvalsgott hvoru tveggja.

Kári 16026, f. Gustur 09003, mf. Sandur 07014. Kári styrkir sína stöðu verulega en hann hækkar um þrjú stig og stendur í 110 í heildareinkunn. Afurðageta dætra hans er að vísu ekki nema um meðallag en hann er í notkun á grunni mikillar júgurhreysti og framúrskarandi júgurgerðar þar sem hann skorar það hátt að hann nartar í hælana á Jörfa. Þá eru mjaltir stórgóðar sem og skapið. Þarna er því á ferðinni naut sem hefur upp á allt að bjóða nema aukid mjólkurmagn.

Höttur 16028, f. Flekkur 08029, mf. Glæðir 02001. Höttur lækkar um eitt stig en eftir sem áður er mat hans mjög gott, heildareinkunn 110. Dætur hans eru miklar mjólkurkúr með hátt próteinhlutfall í mjólk auk þess sem júgurgerðin er úrvalsgóð. Hann gefur nokkuð granna en vel setta spena en skapið er undir meðallagi. Þá verður ekki horft framhjá því að dætur hans eru lágfættar sem gerir þörun hans vandasamari en ella. Hann hefur þó mikla kosti fram að færa sem ekki verður horft framhjá.

Jónki 16036, f. Góí 08037, mf. Flói 02029. Jónki bætir verulega í, hækkar um þrjú stig eða upp í 111 og er nú tekinn í hóp nautsfæðra. Þarna er á ferðinni naut sem gefur gríðarmiklar mjólkurkúr með góðar mjaltir en júgurgerð undir meðallagi. Þar skortir einkum á festu og að þau séu nógu vel borin en júgurbandið er greinilegt og það skiptir miklu máli. Jónki breikkar einnig val varðandi skyldleika verandi sonur Góa 08037.

Númi 16038, f. Gustur 09003, mf. Pollur 99008. Númi dalar eilíftið eða um tvö stig og stendur í 108 í heildareinkunn. Þetta góða mat byggir á meðalmikill afurðagetu dætra, mikilli júgurhreysti sem og frábærri júgurgerð. Spenar eru hins vegar stuttir og grannir og því hentar Númi tæpast nema á kúr með spena í grófar kantinum. Dætur Núma eru einnig mjög skapgóðar með góðar mjaltir.

Nýtt reynt naut í notkun

Að þessu sinni kemur aðeins eitt nýtt naut í hóp reyndra nauta en það er Herkir 16069 frá Espihóli í Eyjafirði, sonur Gusts 09003 og 909 Baldadóttur 06010. Dætur Herkis eru góðar mjólkurkúr með verð-

efnahlutföll í mjólk yfir meðallagi. Þetta eru fremur stórar kúr, boldjúpar og útlögugóðar með nokkuð beina yfirlínu og í góðu meðallagi háfættar. Malirnar eru nokkuð grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er góð, festa mikil og júgrin vel borin en júgurband ekki áberandi. Spenar eru hæfilegir hvað lengd og þykkt varðar og vel settir. Mjaltir eru í meðallagi og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er mjög gott og skapgallaðir gripir fáséðir. Herkir er með heildareinkunnina 109.

Naustfæður

Að undanförmu hefur Nauststöðin einkum verið að kaupa kálfa undan Pipar 12007, Hæl 14008, Kláusi 14031 og Rísa 15014.

Á næstu misserum verður sjónum einkum beint að kálfum undan Steinari 15042, Mikka 15043, Tanna 15065, Knetti 16006, Bikar 16008 og Jarfa 16016. Synir Skírnis 16018, Röðurs 16019 og Jónka 16036 munu svo fylgja í kjölfarið. Þeim tilmælum er beint til manna að láta sæða kúr á naustmæðraskrá og efnilegar kvígur með einhverju eftirtalinnu nauta; Mikka 15043, Knetti 16006, Jarfa 16016, Skírni 16018, Röðri 16019 eða Jónka 16036.

Full ástæða er til að vekja athygli á góðum árangri bænda í Stóra-Dunhaga í Hörgárdal, tvö reynd naut í notkun á sama tíma og báðir naustfæður. Til hamingju, Stóru-Dunhagabændur, og hafið þökk fyrir.

Naustmæður

Á naustmæðraskrá í Huppu (með rautt flagg) eru kúr með a.m.k. 107 í heildareinkunn, 90 fyrir fituhlutfall og 100 fyrir mjaltir. Þegar tilkynnt er um nautkálfa undan væntanlegri naustmóður eru aðrir þættir vegnir og metnir svo sem afurðir og frjósemi.

Á skrá yfir efnilegar kvígur (með grænt flagg) eru kvígur sem eru með a.m.k. 108 í heildareinkunn, 90 fyrir fituhlutfall og 100 fyrir mjaltir. Þegar tilkynnt er um nautkálfa undan kvígu eru aðrir þættir skoðaðir og beðið fyrstu mælingar, kýrsýnis og ákveðinnar reynslu áður en ákvörðun um framhaldið er tekin.

Eldri matadorar

Nautaskrá bíður nú útgáfu og vonandi tekst að koma henni út öðru hvoru megin við næstu mánaðamót. Þar verður að finna ítarlegri upplýsingar um þessi naut ásamt fleira efni en meðal annars verður gerð ítarlegri grein fyrir breytingum á kynbótamati fyrir frjósemi. Áhugamenn um nautgriparékt hafa því eitthvað til að hlakka til en þegar söl lækkar á lofti gefst of meiri tími til þess að glugga í blöð og bækur.